

Hóplíftrygging

- Fyrirtæki og félagasamtök -

HUGTAKA- OG ORÐASKILGREININGAR:

Félagið: Sá sem með samningi skuldbindur sig til að veita váttryggingu, hér OKKAR líftryggingar hf.

Váttryggingartaki: Sá sem gerir hóp váttryggingarsamning við félagið.

Hópur: Þeir starfsmenn/félagsmenn váttryggingartaka sem eru fastráðnir og hafa verið að fullu vinnufærir og í starfi hjá váttryggingartaka í a.m.k. 3 mánuði fyrir gildistöku tryggingarinnar.

Váttryggður: Þeir starfsmenn váttryggingartaka sem falla undir hópinn.

Váttryggingaratburður: Atvik sem samkvæmt váttryggingarsamningi veldur því að til greiðslu bóta getur komið.

Váttryggingarskírteini: Staðfesting félagsins á því að váttryggingarsamningur hafi verið gerður.

Réttthafi: Sá sem váttryggingartaki tilgreinir í váttryggingarsamningi og á rétt til þess að fá váttryggingarfjárhæðina greidda eftir að váttryggingaratburður hefur orðið.

Aðalgjaldsdagi: Aðalgjaldsdagi váttryggingarinnar er einu sinni á ári og er fyrsti dagur þess mánaðar sem váttryggingin tók upphaflega gildi í, nema um annað sé samið.

1. GR. INNGANGUR

Váttrygging þessi er hóplíftrygging fyrir þá starfsmenn/félagsmenn sem tilgreindir eru í samningi váttryggingartaka og félagsins. Grundvöllur váttryggingarsamningsins er skilmálar þessir, yfirlýsing váttryggingartaka eða upplýsingar úr váttryggingarumsókn, eftir því sem við á, og önnur gögn sem tengjast váttryggingarsamningnum bæði við upprunalega gerð hans og síðar.

Ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 gilda varðandi þau atriði sem ekki eru ákvæði um í váttryggingarskilmálum þessum.

2. GR. GILDISTÍMI OG ALDURSTAKMÖRK

Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

Váttryggingarsamningurinn gildir frá útgáfudegi, sem tilgreindur er í váttryggingarskírteini, þó ekki lengur en til 67 ára aldurs váttryggðs. Félagið váttryggir ekki einstaklinga yngri en 18 ára.

3. GR. SVIK OG RANGAR UPPLÝSINGAR

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður vanrækt upplýsingaskyldu sína, sviksamlega eða með þeim hætti sem ekki telst óverulegur, hvað varðar atvik sem hafa þýðingu við mat félagsins á áhættunni, getur það haft í för með sér að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta, uppsögn samningsins eða hækkun iðgjalds, sbr. XIII. kafla laga nr. 30/2004.

4. GR. ENDURNÝJUN OG UPPSÖGN

Váttryggingarsamningurinn endurnýjast á aðalgjaldsdaga ár hvert, til eins árs í senn, hafi annar hvor samningsaðila ekki sagt honum upp mánuði fyrir aðalgjaldsdaga.

5. GR. ÞÁTTTAKA

Um lágmarksfjölda og þátttökuhlutfall í hópnum gilda verklagsreglur félagsins. Fullnægi hópurinn ekki skilyrðum um lágmarksfjölda og þátttökuhlutfall við lok tryggingarárs hefur félagið heimild til að fella samninginn úr gildi við lok næsta tryggingarárs, sé skilyrðum þá ekki fullnægt.

6. GR. UPPHAF OG LOK HÓPAÐILDAR

Ábyrgð félagsins gagnvart einstökum aðilum hefst þegar einstaklingur uppfyllir skilyrði til hópaðildar samkvæmt samningi váttryggingartaka og félagsins. Ábyrgð félagsins gagnvart hópfélagi lýkur sömuleiðis í lok þess almanaks mánaðar er skilyrði fyrir hópaðild eru ekki lengur fyrir hendi skv. samningi.

7. GR. VÁTTRYGGINGIN BÆTIR

Við andlát greiðir félagið þá váttryggingarfjárhæð sem í gildi er á andlátsdegi samkvæmt váttryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun, skilmálum þessum og samningi milli váttryggingartaka og félagsins.

Krafa um bætur eða váttryggingarfjárhæð fellur í gjalddaga 14 dögum eftir að fullnægjandi sannanir hafa borist fyrir bótaskyldu félagsins og unnt er að ákveða fjárhæð bótanna. Félagið áskilur sér rétt til þess að afla nauðsynlegra og fullnægjandi gagna áður en bætur eru ákveðnar og greiddar.

8. GR. RÉTTTHAFI VÁTTRYGGINGARFJÁRHÆÐAR

Um réttthafa bóta úr váttryggingu þessari gilda ákvæði XV. kafla laga nr. 30/2004.

9. GR. TAKMARKANIR Á ÁBYRGÐ FÉLAGSINS

Svipti hinn váttryggði sig lífi innan árs frá því að váttryggingin öðlaðist gildi, er félagið laust úr ábyrgð.

Ef hinn tryggði hefur, fyrir aðild að þessari tryggingu, verið greindur með sjúkdóm eða fengið meðhöndlun við sjúkdómi sem leiðir til andláts hans á váttryggingartímabilinu, er félagið laust úr ábyrgð.

10. GR. GREIÐSLA IÐGJALDS

Iðgjald ákveðst skv. gildandi gjaldskrá á hverjum tíma og greiðir váttryggingartaki iðgjald fyrir alla hópfélagi. Í lok hvers tryggingarárs greiðir váttryggingartaki iðgjald fyrir hvern hópfélagi sem gengið hefur í hópinn á tryggingarárinu og reiknast iðgjaldið hlutfallslega fyrir það tímabil sem líftrygging hópfélagans hefur verið í gildi. Jafnframt endurgreiðir félagið váttryggingartaka iðgjald fyrir hópfélagi sem gengið hafa úr hópnum á sama tímabili, og endurgreiðist iðgjaldið hlutfallslega fyrir þann tíma sem liðinn er frá því hópfélagi gekk úr hópnum.

11. GR. IÐGJALDABREYTINGAR OG RÉTTUR TIL BREYTINGA Á SKILMÁLUM

Félagið áskilur sér rétt til að breyta skilmálum og iðgjaldi váttryggingarinnar á váttryggingartímanum, sbr. 133. gr. laga nr. 30/2004.

Iðgjald fyrir váttryggingu þessa er reiknað samkvæmt gildandi iðgjaldaskrá félagsins, miðað við váttryggingarfjárhæð og aldur váttryggðra, sé eigi annars getið í váttryggingarskilmálum.

12. GR. VÁTTRYGGINGARFJÁRHÆÐ

Váttryggingarfjárhæð ákveðst til eins árs í senn skv. samningi váttryggingartaka og félagsins.

13. GR. FYRNING

Kröfur sem rísa af váttryggingarsamningum fyrnast á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er kröfuhafi fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem krafa hans er reist á. Kröfur vegna váttryggingarinnar fyrnast þó í síðasta lagi á 20 árum eftir lok þess almanaksárs sem váttryggingaratburðurinn varð.

Aðrar kröfur sem tengjast váttryggingarsamningi, svo sem krafa um iðgjald, fynast eftir hinum almennu reglum laga um fyrmingu skulda og annarra kröfuréttinda nr. 14/1905.

14. GR. ÁGREININGUR UM BÓTASKYLDU

Ágreining um bótaskyldu félagsins má leggja fyrir tjonanefnd váttryggingarfélaganna, málskotsaðila að kostnaðarlausu. Með frágangi formlegs málskots og greiðslu málskotsgjalds er unnt að leggja ágreining um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004, fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sem vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu. Upplýsingar um nefndir þessar og starfshætti þeirra veitir félagið.

Þjónusta þessara aðila eða málskot til þeirra skerðir ekki rétt hlutaðeigandi til að leggja málið fyrir almenna dómstóla hér á landi.

15. GR. MÁLSMEÐFERÐ

Mál sem rísa kunna vegna váttryggingar þessarar skulu rekin fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

16. GR. RÉTTUR TIL UPPLÝSINGAÖFLUNAR

Við tilkynningu um andlát er félaginu og endurtryggjendum þess heimilt að afla nauðsynlegra upplýsinga frá læknum, stofnunum og sjúkrahúsum um heilsufar og sjúkrasögu váttryggðs, þ.m.t. afrits sjúkraskrár, til þess að meta bótaskyldu félagsins.

17. GR. LOK VÁTTRYGGINGAR

Váttryggingin fellur úr gildi:

- Ef samningur félagsins og váttryggingartaka hefur fallið úr gildi,
- 2 mánuðum eftir að váttryggður gengur úr hóp.

Falli váttrygging úr gildi af öðrum orsökum en við bótagreiðslu er verðmæti hennar ekkert.

Skilmálar nr. HL1009
Gilda frá og með 01.01.2006
Var áður HL154